

# STJÓRNARTÍÐINDI B 50 — 1984

---

---

28. nóvember 1984

717

Nr. 454

## REGLUGERÐ

um afnám reglugerða 282/1984 og 651/1983.

1. gr.

Frá og með 1. desember 1984 er felld úr gildi reglugerð nr. 282 frá 19. júní 1984 um bann við togveiðum á Hornbanka og Strandagrunni og reglugerð nr. 651 frá 10. október 1983 um bann við togveiðum út af Húnaflóa.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 28. nóvember 1984.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

---

*Pórður Eypórsson.*

28. nóvember 1984

Nr. 455

## REGLUGERÐ

um sérstakt línu- og netasvæði út af Faxaflóa.

1. gr.

Frá 4. desember 1984 til 15. maí 1985 að báðum dögum meðtöldum, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Sandgerðisvita, að vestan markast svæðið 23°42'0 V og að norðan 64°20'0 N.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum, skal farið að hætti opinberra mála.

B 92

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.